

**Sþ.**

## 170. Nefndarálit

[1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1976.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Fjárlagagerð fyrir árið 1976 fer nú fram við næsta óvenjulegar aðstæður í þjóðarbúskap Íslendinga. Meiri og sneggri efnahagsáföll hafa dunið yfir þjóðina en gerst hefur fyrr, síðan lýðveldið var stofnað. Benda má á, að á erfiðleikaárunum 1967 og 1968, þegar saman fór sildarrestur og verðfall sjávarafurða, minnkuðu þjóðartekjur á mann milli ára um 8%, en nú er gert ráð fyrir 9% lækkun þjóðartekna á mann á þessu ári. Þessu veldur að mestu stórfelld skerðing viðskiptakjara eða yfir 30% á skömmum tíma, þ. e. a. s. gífurleg hækkun á verðlagi innfluttra nauðsynja í erlendri mynt samtímis verulegri lækkun á útflutningsverðlagi á íslenskum afurðum. Þessi áföll hafa átt drýgstan þátt í því að verulegur viðskiptahalli hefur verið við útlönd að undanförunu, gjaldeyrisvarasjóður er þorrinn. Grípa þurfti til gengisbreytinga á árunum 1974 og 1975 til þess að tryggja afkomu útflutningsatvinnuveganna og draga úr óhóflegri eftirspurn eftir gjaldeyri.

Þessi efnahagsáföll og ráðstafanir gegn þeim hafa óhjákvæmilega bitnað hart á afkomu ríkissjóðs. Dregið hefur verulega úr innflutningi, sérstaklega á hátollavöru, m. a. bifreiðum, og hefur í för með sér hlutfallslega lækkun tekna ríkissjóðs af aðflutningsgjöldum. Afleiðingin hefur orðið sú, að mikill greiðsluhalli hefur orðið á ríkissjóði árin 1974 og 1975, þrátt fyrir margvíslegar ráðstafanir til þess að draga úr þeim halla.

Við framangreindar aðstæður ber brýna nauðsyn til þess að ná jöfnuði í ríkisbúskapnum með því að draga svo sem unnt er úr ríkisútgjöldum og fjárfestingu sem ekki stuðlar að aukinni framleiðslu. Slík stefna er nú þjóðarnauðsyn.

Meiri óvissa ríkir um efnahagslega afkomu þjóðarinnar í náinni framtíð en oftast áður. Eins og alkunnugt er valda versnandi aflahorfur þar mestu.

Þessi alvarlega staða efnahagsmála íslensku þjóðarinnar hefur sett svip sinn á gerð frumvarps til fjárlaga fyrir árið 1976 og einnig á störf fjárveitinganefndar. Í fjárlagafrv. var fylgt þeirri stefnu að draga stórlega úr áformum ráðuneyta og stofnana um rekstrarútgjöld og minnka magn fjárfestingar á vegum hins opinbera, þegar frá eru skilin orkumál. Meiri hl. fjárveitinganefndar hefur haldið fast við þessa stefnu. Þetta kemur m. a. fram í því, að fjárveitingar til stærstu liða fjárfestingar í landinu eru ekki hækkaðar í breytingartillögum nefndarinnar, en slíkt mun næsta fátítt. Þessi aðhaldsstefna meiri hl. fjárveitinganefndar kemur einnig fram í því, að n. hefur ekki séð sér fært að taka upp við 2. umr. nema sárafaár breytingartillögur til hækkunar á frv., en í því sambandi er skylt að geta þess, að óvenjumörg atriði, sem n. þarf að athuga, bíða 3. umr. eins og síðar verður að vikið.

Fjárveitinganefnd hóf athugun sína á frv. til fjárlaga fyrir árið 1976 þegar í þingbyrjun og hefur rætt það á 38 fundum. Mikill tími hefur farið í viðtöl við forstöðumenn ráðuneyta og stofnana og hefur þar glögg komið í ljós, hversu mikils aðhalds og niðurskurðar rekstrarútgjalda hefur gætt við gerð frumvarpsins. Ljóst er, að yfirleitt hefur verið dregið úr rekstrarútgjöldum svo sem framast er kostur.

Nefndin hefur sem fyrr skipt með sér verkum og hafa einstakir nefndarmenn haft til athugunar sérstaka málaflokka frumvarpsins. Hefur sú athugun einkum beinst að þeim málaflokkum, sem fjalla um fjárveitingar til verklegra framkvæmda, svo sem nýbyggingar skóla, íþróttamannvirkja, hafnarframkvæmda, byggingar sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva. Þá hefur n. átt góða samvinnu við fjárlaga- og hagsýslustofnunina og starfsmenn hennar svo og forstöðumenn ráðuneyta og stofnana, sem hafa veitt nefndinni mikilsverðar upplýsingar og aðstoð.

Svo sem jafnan áður hafa n. borist fjölmörg erindi frá stofnunum, einstaklingum og samtökum, sem flest hafa falið í sér beiðni um fjárhagslegan stuðning eða

fyrirgreiðslu svo og leiðréttingar sem valda hækkun á útgjöldum fjárlaga. Nefndin hefur reynt að kynna sér þessi erindi eftir föngum, en hefur að þessu sinni einungis getað sinnt örfáum þeirra. Nefndinni er að sjálfsögðu ljóst, að í fjölmörgum tilfellum hefur orðið að synja fjárbeiðnum til málefna, sem vissulega verðskulda fjárhagslegan stuðning hins opinbera, en verða að bíða betri tíma.

Nefndinni hefur ekki enn unnist tími til að ljúka afgreiðslu allmargra liða fjárlagafrumvarpsins. Má þar nefna til dæmis fjárframlög til leiklistarskóla, jöfnunar námsaðstöðu, ferjubryggja, vegagerðar, framleiðslueftirlits sjávarafurða, kaupa og rekstrar skips til landhelgisgæslu, Byggingarsjóðs verkamanna, almannatrygginga, starfslíðs ríkisspítala, löggæslu, Orkustofnunar og Rafmagnsveitna ríkisins. Bíður afgreiðsla þessara mála til 3. umræðu.

Ekki náðist í nefndinni samkomulag um afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins. Minni hl. mun því skila séráliti. Nefndin stendur þó sameiginlega að flutningi breytingartillagna á þingskjali 149, en minni hl. óskar eftir að taka fram, að hann hefur óbundnar hendur um afstöðu til einstakra tillagna og áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma.

Eins og tekið er fram í athugasemdum við fjárlagafrv., er það miðað við kauplag og verðlag í október 1975. Tekjuáætlun frumvarpsins hefur nú verið endurskoðuð með tilliti til betri vitneskju um liðandi ár, auk þess sem nú er miðað við kauplag og verðlag í desember. Ekki liggja þó fyrir að fullu niðurstöður þessara athugana og bíða því þær breytingartillögur, sem væntanlega verða gerðar á tekjuhlíð frumvarpsins af þessum sökum, til 3. umræðu.

Fjárveitinganefnd tekur fram, að þótt samþykkt verði tillaga nefndarinnar um fjárveitingu til nýrra íþróttamannvirkja, telur hún að ekki felist í því skuldbinding um það á hve löngum tíma hluti ríkisins í þeim framkvæmdum greiðist.

Á síðasta fundi fjárveitinganefndar fyrir afgreiðslu fjárlagafrv. til 2. umræðu mætti fulltrúi frá Þjóðhagsstofnuninni. Veitti hann nefndinni margvíslegar upplýsingar um þróun efnahagsmála á yfirstandandi ári og horfur í náinni framtíð.

Meiri hl. nefndarinnar vill taka fram, að brtt. þær, sem hann mun flytja við 3. umræðu fjárlaga, verða að sjálfsögðu við það miðaðar, að takast megi að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög fyrir árið 1976.

Verður nú í stuttu máli gerð grein fyrir brtt. nefndarinnar við gjaldabálk frumvarpsins.

#### Menntamálaráðuneytið 1 02.

- 203 Raunvísindastofnun háskólans: Lagt er til, að staða sérfræðings í reiknistofu hækki um 665 þús. kr., sem eru  $\frac{1}{2}$  laun Ketils Ingólfssonar. Tekjur lækka um 7 000 þús. kr., mismunur verður 78 052 þús. kr.
- 205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi: Launaliður hækki um 500 þús. í 20 170 þús. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður lækki um 500 þús. og verði 13 370 þús. kr.
- 232 Rannsóknaráð ríkisins: Nýr liður: Ylræktarverkefni í Hveragerði í tengslum við F. A. O. 3 000 þús. kr.
- 276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna til leiðréttingar á vaxtalið. Hækkun 3 862 þús. kr.
- 431 Iðnfræðsluráð: Til námsskrágerðar á verkfræðslustigi hækkar framlag um 3 000 þús. kr.
- 501 Tækniskóli Íslands: Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 7 500 þús. kr.
- 518 Fiskvinnsluskólinn: Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 2 000 þús. kr.
- 561 Myndlista- og handíðaskólinn: Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 500 þús. kr.
- 571 Sjómannaskólahúsið: 0 27 Viðhald hækki um 6 400 þús. kr. og verður 14 000 þús. kr.
- 621 Nýr liður: Skálholtsskóli, framlag vegna stofnkostnaðar 5 000 þús. kr.

- 762 Framlög til byggingar grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra: Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 3 072 þús. og verður 1 022 236 þús. kr.
- 882 Styrkur til myndlistarskóla: Reykjavík hækkar um 360 þús. kr. í 1 200 þús. kr.
- 982 Listir, framlög: Til einstaklinga, heimila og samtaka hækkar um 2 300 þús. kr. og verður þannig: Til Leikfélags Reykjavíkur hækkar um 800 þús. kr. Leiklistarstarfsemi hækkar um 1 000 þús. kr. og verður 8 200 þús. kr., þar af til Leikfélags Akureyrar 4 000 þús. kr. Nýr liður: Tónlistarskóli Garðakaupstaðar, byggingarstyrkur 500 þús. kr.
- 986 Ípróttasjóður: Rekstrarstyrkir o. fl. hækka um 1 950 þús. Til byggingar ípróttamannvirkja hækkar um 292 þús. kr. Gjöld samtals verða 94 842 þús. kr.
- 988 Æskulýðsmál: Framlag til Æskulýðsráðs lækki um 400 þús. kr. Inn komi nýr liður: Æskulýðssamband Íslands 400 þús. kr.
- 989 Framlag til Ólympíunefndar hækkar um 1 500 þús. kr. og verður 2 500 þús. kr.
- 999 Til sumarnámskeiða í Leirárskóla hækki um 500 þús. kr. og verði 1 200 þús. kr. Sædýrasafnið í Hafnarfirði vegna stofnkostnaðar hækki um 400 þús. kr. og verði 2 000 þús. kr.

#### Landbúnaðarráðuneytið 1 04.

- 206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins: Lagt er til að 0 20 Önnur rekstrargjöld, liður 14 Landgræðsluáætlun hækki um 1 000 þús. kr. vegna verðtryggingarákvæða.
- 231 Skógrækt ríkisins. Gjaldfærður stofnkostnaður, liður 11 Landgræðsluáætlun hækki um 7 300 þús. kr. vegna verðtryggingarákvæða.
- 235 Lagt er til, að framlög til Landgræðslu ríkisins hækki um 15 900 þús. kr., sem greinist þannig að liðurinn Önnur rekstrargjöld hækki um 2 500 þús. kr. og Gjaldfærður stofnkostnaður um 13 400 þús. kr., þar af vegna verðtryggingarákvæða landgræðslu- og gróðurverndaráætlunar um 10 900 þús. kr.
- 241 Læðnam ríkisins: Lagt er til, að framlög til byggingar íbúðarhúsa hækki um 3 000 þús. kr.
- 247 Við embætti yfirdýralæknis er lagt til að tekinn verði upp nýr liður: Dýralæknabústaðir, viðhald 2 000 þús. kr.
- 286 Lagt er til að liðurinn 09 Jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir hækki um 675 þús. kr.
- 299 Gjaldfærður stofnkostnaður, liður 07 Landgræðsluáætlun hækki um 1 800 þús. kr. vegna verðtryggingarákvæða, og tekinn verði upp nýr liður: Til heykökuverksmiðiu á Svalbarðsströnd 650 þús. kr.
- 501 Lagt er til, að gjaldfærður stofnkostnaður við Bændaskólann á Hvanneyri hækki um 3 000 þús. kr. vegna byggingar skólastjórabústaðar.
- 502 Lagt er til, að launaliður Bændaskólans á Hólum hækki um 1 020 þús. kr. vegna ráðningar nýs kennara, sem skólinn hefur rétt á samkv. lögum.

#### Sjávarútvegsráðuneytið 1 05.

- 299 Tekinn er upp nýr liður, til síðvinnunámskeiða, að upphæð 2 500 þús. kr.
- 901 Lagt er til, að liðurinn Önnur rekstrargjöld á Skrifstofu Rannsóknastofnana atvinnuveganna hækki um 1 929 þús. kr., verði 23 376 þús. kr.

#### Dóms- og kirkjumálaráðuneytið 1 06.

- 244 Lagt er til, að liðurinn Fangelsi í Síðumúla, önnur rekstrargjöld, hækki um 1 millj. kr. og verði 7 532 þús. kr.
- 252 Bifreiðaeftirlit, önnur rekstrargjöld, hækki um 3 600 þús. kr. vegna áætlaðrar hækkingar á húsaleigu, ljósi og hita.

**Félagsmálaráðuneytið 1 07.**

- 999 Lagt er til, að styrkur til Slysavarnafélags Íslands vegna tilkynningarskyldu fiskiskipa hækki um 1 millj. kr.

**Samgönguráðuneytið 1 10.**

- 471 Liðurinn alþjóðlegt flugsamstarf hækki um 15 139 þús. kr. og verði 50 139 þús. kr., en liðurinn Seldar vörur og þjónusta flugmálastjórnar hækki um 10 millj. kr.
- 652 Veðurstofan: Inn komi nýr liður: Til rannsóknna á brennisteins- og sýrumagni í andrúmslofti 280 þús. kr.

**Iðnaðarráðuneytið 1 11.**

- 207 Lagt er til að nafn liðarins orðist svo: Til þjálfunar og eftirmenntunar í raf-iðnaði.
- 221 Liðurinn Lánasjóðir iðnaðarins hækki um 5 millj. kr., 2.5 millj. kr. til Iðnlánasjóðs og 2.5 millj. kr. til Iðnrekstrarsjóðs.
- 235 Fyrirtæki og stofnanir, framlög: Liðurinn Iðnaðarbanki Íslands, hlutafjár- aukning, hækki um 800 þús. kr. og verði 2.4 millj. kr.
- 299 Iðja og iðnaður framlög: Teknir verði upp tveir nýir liðir: Hagræðingarverk- efni skipasmíðastöðva 6 millj. kr. og til iðnkynningar 2.5 millj. kr.

**Hagstofa Íslands 1 13.**

- 102 Launaliður hjá Hagstofu Íslands hækki um 250 þús. kr. vegna aðstoðarstarfa við Þjóðskrá.

Alþingi, 13. des. 1975.

Jón Árnason, form., frsm.	Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr.	Ingi Tryggvason.
Gunnlaugur Finnsson.	Pálmi Jónsson.	Lárus Jónsson.
	Steinhórn Gestsson.	